



HAFNASJÓÐUR ÍSAFJARÐARBÆJAR

ÍSAFJÖRÐUR – SUNDABAKKI, FYRIRSTÖÐUGARÐUR

VERKFUNDUR 02

Verkfundur 2 haldinn á skrifstofu Ísafjarðarhafnar þriðjudaginn 8.03.2021.

Mættir:

Sigurdís Samúelsdóttir	Tígur ehf.
Jónas Jónbjörnsson	Tígur ehf.
Guðmundur M. Kristjánsson	Hafnarstjóri
Sveinn D k Lyngmo	Tækniþjónusta Vestfjarða
Kjartan Elíasson	Vegagerðin, s. 848-3747

1. Dagsetning samnings og upphæð samnings:

Skrifað var undir verksamning við Tíg ehf. kr. **38.021.770,-** þann 01.02.2021

2. Umsjón verktaka:

Sigurdís Samúelsdóttir er með umsjón verksins fyrir verktaka.

3. Umsjón verkkaupa:

Umsjónarmaður verksins fyrir verkkaupa verður Kjartan Elíasson.

Sveinn Lyngmó mun sjá um daglegt eftirlit fyrir verkkaupa.

4. Fyrirkomulag verkfunda:

Verkfundir verða haldnir á skrifstofu Ísafjarðarhafnar. Miðað er við fundartíma á tveggja vikna fresti í tengslum við reikningsgerð, en fundir verða boðaðir með 2 – 3 daga fyrirvara hverju sinni eftir framvindu verksins. Umsjónarmaður ritar fundargerð og dreifir til fundarmanna eftir fundi. Fundargerð er síðan yfirfarin og árituð á næsta fundi

5. Hönnunargögn afhent verktaka:

Verktaki hefur fengið nýtt landlíkan þar sem grjóti utan á fyrstu 290 m af garði er sleppt.

Stöðvarnúmer hafa verið sett inn.

6. Fyrirkomulag mælinga:

Verktaki sér um mælingar og eftirlitið yfirfer þær. Verktaki mun halda utan um dagskýrslur og bílatalningar eru inn í því. 2 x á dag kemur bíll á hafnarvogina.

- Sveinn mælir núverandi grjótvörn áður en verktaki byrjar á upptekt á honum. Svo eftir upptekt verður mælt aftur.

7. Verkstaða:

Verktaki er kominn með garðinn í stöð 282. Keyrðir hafa verið um 13.070 m³ í garðinn, 10.142 m³ úr námu og 2.928 m³ úr eldri garði.



8. Tæki og mannaflí:

3 fjögurra öxla bílar og einn trailer

Cat 324 með gps.

Reikna með að flytja aðra vél á verkstað seinna í dag, hefur tafist vegna þungarakmarkana.

5-6 menn að jafnaði.

9. Verkáætlun:

Kominn í stöð 282 m, þar verður stoppað. Keyrt verður í garðinn frá stöð 463 til að loka honum.

Reiknað er með að verkið klárast fyrir 1. apríl.

10. Nýjar kröfur verktaka:

Kjarni í útboðsgögnum er að einhverju leiti skriðuefni, verktaki þarf því að tvímoka og flokka efnið, ekki var gert ráð fyrir því. Vegna breytinga á hönnunargögnum verður minna grjót í flokki 1 og því minnkar heildargreiðsla í verkinu. Verktaki leggur fram kröfu um að heildargreiðsla fyrir verkið verði ekki minni en verksamningurinn. Verkkaupi samþykkir það.

11. Eldri kröfur verktaka

Engar kröfur.

12. Breytingar á hönnunargögnum

1. Verkkaupi leggur til að sleppa grjótröðun á þeim hluta grjótgarðsins þar sem stálpilið kemur, þ.e. sleppa flokki I samkvæmt kennisniði. (stöð 0 – 290).
2. Stefna grjótgarðsins eftir um stöð 240 mun breytast. Vegagerðin mun útvega ný gögn í vikunni.
3. Rætt var á verkfundi 1 að setja stærra grjót frá stöð 290. Það verður ekki gert að svo stöddu, verktaki mun ljúka við garðinn miðað við teikningu B-9743_A, dags. 22.02.2021.

13. Greiðslur:

Verkstöðureikningur nr. 01 kr. 12.598.276,- greiddur

Verkstöðureikningur nr. 02 kr. 11.668.024,- samþykktur

14. Önnur mál:

Samþykkt að stærra grjót komi í kápuna en gert var ráð fyrir. Jónas mun ekki eyða mikilli orku í að raða grjótinu í toppinn þar sem fyrirhugað er að landið komi í sömu hæð aftan við grjótvörnina.

Verkkaupi mun senda teikningar og magnskrá á verktaka og óska eftir tilboði í að raða stærra grjóti frá stöð 290. Farið verður í það þegar stálpilsrekstri og dýpkun er lokið, haust/vetur 2021.

Fleira ekki rætt, fundi slitið

Ritað: Kjartan Elíasson



ÍSAFJARÐARBÆR

Fundargerð samþykkt: _____

fh. verktaka

fh. hafnarstjórnar

fh. Vegagerðarinnar